




Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2010**




Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2010**

Ársskýrsla 2010  
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2011/7  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Magnús Karel Hannesson o.fl.  
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

## Ávarp formanns sambandsins



Ágæti lesandi.

Hér er ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir starfsárið 2010 fylgt úr hlaði. Þó í skýrslunni sé aðeins tæpt á því helsta sem gerðist á árinu er ljóst við lestur hennar að starfsemi sambandsins er umfangsmikil og kemur við stóra og mikilvæga málaflokka sveitarfélaganna.

Útgáfa ársskýrslunnar er mikilvægur þáttur í því að gera sveitarstjórnarfólki enn betur kleift að fylgjast með starfi sambandsins og hafa áhrif á það. Okkur sem stýrum málum á hinum sameiginlega vettvangi sveitarfélaganna þykir gott þegar við heyrum ykkar afstöðu til þeirra mála sem eru í vinnslu. Vefur sambandsins gegnir mikilvægu hlutverki varðandi upplýsingagjöf sem og tímaritið Sveitarstjórnarmál. Allt er þetta liður í því að deila upplýsingum með sem flestum í því mikla upplýsingaflóði sem við búum við dags daglega.

Starfsfólk sambandsins hefur unnið þessa ársskýrslu og kann ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnið starf á þessu sviði sem öðrum. Mannauður Sambands íslenskra sveitarfélaga er lykillinn að því að hægt er að sinna svo margbreytilegum verkefnum sem raun ber vitni.

*Halldór Halldórsson*  
*formaður sambandsins*



## Inngangur



Í ársskýrslunni er fjallað um helstu viðfangsefni sem stjórn og starfsmenn sambandsins hafa fengist við á árinu 2010. Í starfi sambandsins er reynt eins vel og frekast er unnt að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og hafa frumkvæði að því að ná fram sameiginlegum hagsmunamálum þeirra gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum er láta sig sveitarstjórnarmálefni varða.

Stefnumörkun landsþinga sambandsins er leiðarljós í starfsemi þess á hverjum tíma auk þess hlutverks sem það ber að sinna á grundvelli samþykka þess. Á árinu var sveitarfélögum að venju þjónað á sviði vinnuamarkaðsmála, stjórnsýslu, skólamála, félagsþjónustu, skipulags- og umhverfismála, hag- og upplýsingamála og alþjóða- og þróunarmála og fleira. Vinna við undirbúning að flutningi á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga var mikil í starfi sambandsins á árinu, auk margra annarra stórra sem smárra verka sem kölluðu á lausnir og útfærslur í góðri samvinnu starfsmanna og stjórnar. Sambandið sinnti einnig almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Starfsmenn sambandsins eru vel meðvitaðir um þjónustuskyldur sínar gagnvart sveitarfélögum, stjórnendum þess og öðru starfsfólki.

Við upphaf hvers árs er gerð starfsáætlun fyrir sambandið sem skipt er á þau fimm fag- og verkefnasvið sem mynda

skipulagsheild þess. Starfsáætlun hvers sviðs endurspeglar þær áherslur sem þyngst vega hverju sinni.

Það er von mín að ársskýrslan gefi skýra mynd af því hvernig stjórn og starfsmenn sambandsins sinntu hlutverki sínu og leituðust við að standa undir mikilvægum skyldum sínum gagnvart sveitarfélögunum árið 2010.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfuviðs haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég honum bestu þakki fyrir vel unnið starf. Auk þess þakka ég öllum starfsmönnum og stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmönnum um land allt fyrir ánægjulegt samstarf.

*Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri*

## Landsþing og stefnumörkun

XXIV. landsþing sambandsins var haldið á Akureyri dagana 29. september til 1. október 2010. Þetta var í fimmta skipti sem landsþing að loknum sveitarstjórnarkosningum er haldið á Akureyri. Að þessu sinni var landsþingið haldið í menningarhúsinu Hofi, nýju og glæsilegu samkomu- og ráðstefnuhúsi, sem tekið var í notkun nokkrum vikum fyrir landsþingið. Var aðstaðan í hinu nýja húsi góð og þjónusta starfsmanna til fyrirmyndar.

Á landsþinginu áttu réttu til setu 153 fulltrúar frá sveitarfélögum 76. Að auki áttu seturétt á þinginu stjórnarmenn í sambandinu sem ekki voru kjörnir fulltrúar síns sveitarfélags, framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétti. Landsþingið sóttu 145 kjörnir fulltrúar frá 72 sveitarfélögum og 62 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétti ásamt 25 gestum og starfsmönnum sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Yfirskrift landsþingsins var Nýtt umhverfi – Ný úrlausnarefni – Ný tækifæri. Fulltrúar á þinginu beindu sjónum sínum að stöðu sveitarfélaganna í nýju umhverfi, en bankahrunið og efnahagskreppan hafa haft í för með sér samfélagshræringar sem eiga sér ekki hliðstæðu í sögu lýðveldisins. Sveitarfélögin hafa ekki farið varhluta af þeim breytingum sem orðið hafa í kjölfar hrunsins og sveitarstjórnarmenn hafa því þurft að takast á við ný úrlausnarefni. Að sama skapi hafa einnig skapast ný tækifæri til þess að hrinda af stað umbótaverkefnum og

endurmati á samskiptum stjórnkerfis sveitarfélaganna við íbúana.

Á landsþinginu var fulltrúum skipt upp í fjóra umræðuhópa sem ræddu a) lýðræðið í breyttu umhverfi; b) hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu eftir hrun; c) velferðarþjónustu og rekstur í erfiðu árferði; og d) fjármál sveitarfélaga, verkefnatilflutning og fjármálaleg samskipti við ríkið. Niðurstöður umræðuhópanna voru svo kynntar á þinginu og eru þær grunnur að stefnumörkun sambandsins 2011–2014 sem verða lagðar fyrir XXV. landsþing sambandsins í mars 2011.

Nokkur erindi voru flutt á landsþinginu sem tengdust úrlausnarefnum þess. Þá var lögð fram tillaga á landsþinginu um breytta skipan kjaramála á vegum sambandsins. Lagt var til að Launanevnd sveitarfélaga yrði lögð niður og verkefni hennar flutt til sambandsins. Var það samþykkt og var lögum eða samþykktum sambandsins breytt á landsþinginu m.a. með tilliti til þess.

## Stjórn sambandsins

Stjórnin Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga, sem haldin eru árlega. Stjórnin er í forsvari fyrir sambandið út á við og ber ábyrgð á fjárreiðum þess.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er kjörin til fjögurra ára á landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Á XXIV. landsþingi sambandsins var Halldór Halldórsson, Norðvesturkjörsvæði, endurkjörinn formaður stjórnar sambandsins, en hann hefur gegnt formannsembættinu

Landsþing var haldið á Akureyri í september/október



frá árinu 2006. Í stjórn sambandsins voru kjörin auk Halldórs:

Hanna Birna Kristjánsdóttir, Reykjavík;  
Dagur B. Eggertsson, Reykjavík;  
Óttar Ólafur Proppé, Reykjavík;  
Guðríður Arnardóttir, Suðvesturkjörsvæði;  
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsvæði;  
Elín R. Líndal, Norðvesturkjörsvæði;  
Gunnlaugur Stefánsson, Norðausturkjörsvæði;  
Eiríkur Björn Björgvinsson, Norðausturkjörsvæði;  
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði; og  
Jórunn Einarsdóttir, Suðurkjörsvæði.

Guðríður Arnardóttir var kjörin varaformaður sambandsins á stjórnarfundi í október.

Á árinu 2010 voru haldnir 12 stjórnarfundir auk fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Meginverkefni stjórnarinnar á árinu voru samskipti ríkis og sveitarfélaga, hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga og lækkun útgjalda, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, endurskoðun sveitarstjórnarlaga og lagasetning Alþingis um verkefni og fjármál sveitarfélaga.

## Samskipti við ríkisstjórn og Alþingi

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins sátu marga samráðsfundi á árinu með ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Einkum eru það ráðherrar sveitarstjórnarmála, fjármála, menntamála og velferðarmála sem fundað er með.

Einnig voru haldnir nokkrir fundir með forsætisráðherra og fleiri ráðherrum ásamt aðilum vinnumarkaðarins um framgang stöðugleikasáttmálans. Nokkuð reglulega eru einnig haldnir óformlegir fundir með ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta og öðrum helstu embættismönnum þeirra. Sviðsstjórar og sérfræðingar sambandsins mæta oft á slíka fundi.

Almennt hefur samstarfið við fulltrúa ríkisvaldsins gengið mjög vel og hafa ráðherrar og starfsmenn ráðuneytanna sýnt góðan vilja til að auka skilvirkni þessara samskipta. Það kemur m.a. fram í því að nú er mjög auðvelt fyrir fulltrúa sambandsins að ná fundum með ráðherrum og ráðuneytisstjórum með skömmum fyrirvara. Einnig hafa samskipti þessara aðila á vettvangi Jónsmessunefndar verið mikilvæg. Þrátt fyrir þetta er ekki þar með sagt, eins og sveitarstjórnarmenn vita, að sambandið nái fram öllum sínum málum en efnisleg og hlutlæg umræða fer a.m.k. fram.

Stöðugt er lögð á það áhersla í samskiptum við Alþingi, ríkisstjórn og ráðuneyti að sambandið sé málsvari sveitarfélaga landsins og virðist það bera nokkuð góðan árangur þegar litið er til þess frumkvæðis sem þessar stofnanir sýna gagnvart sambandinu þegar málefni sveitarfélaga eiga í hlut.

Nefndir Alþingis gæta þess vel að leita umsagna hjá sambandinu vegna þeirra frumvarpa og mála sem þær hafa til umfjöllunar og varða sveitarstjórnarstigið. Á lögfræði- og velferðarsviði er unnið að gerð flestra umsagna og þess er gætt að þær séu vandaðar og málefnalegar. Við gerð þessara umsagna kemur vel fram hve mikilvægt það er að fyrir liggi stefna og afstaða sambandsins í sem flestum málaflokkum vegna þess að

*Frá fundi um flutning á málefnum fatlaðs fólks í febrúar*





sjaldnast vinnst tími til að bera umsagnir undir stjórn sambandsins áður en þær eru sendar vegna skamms umsagnarfrests. Þann þátt þarf Alþingi að bæta.

### Samráðsfundir ríkis og sveitarfélaga

Samkvæmt samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá 2. apríl 2008 skal halda a.m.k. einn samráðsfundur fulltrúa stjórnar sambandsins og innanríkisráðherra og fjármálaráðherra, auk annarra ráðherra ef sérstök ástæða þykir til, á ári hverju. Markmið samráðsfundanna er að samræma viðhorf og stefnu ríkis og sveitarfélaga og ræða sameiginleg málefni.

Samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga 2011 var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu um miðjan nóvember. Af hálfu sambandsins sátu fundinn stjórnarmennirnir Halldór Halldórsson formaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Óttarr Ólafur Proppé, Elín R. Línal og Jórunn Einarsdóttir ásamt framkvæmdastjóra og sviðsstjórum sambandsins. Af hálfu ríkisins sátu fundinn Ögmundur Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra ásamt embættismönnum úr stjórnarráðinu.

Á fundinum var rætt um stöðu og horfur í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og samskipti þessara aðila. Einnig var fjallað um undirbúning á flutningi þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Í ávarpi sínu á fundinum vék formaður sambandsins sérstaklega að áhrifum fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps á fjárhag sveitarfélaga, sem hann sagði að gerði ráð

fyrir um 3,9 milljarða króna lækkun á framlögum til sveitarfélaga. Stærsti liðurinn væri vegna niðurfellingar á aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lækkunar á endurgreiðslu vegna hækkunar á tryggingagjaldi.

### Fjármál sveitarfélaga og staða þeirra

Fjárhagur sveitarfélaga tók á árinu 2010 mið af almennu efnahagsástandi og því efnahagsumhverfi sem þau búa við. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og hinu svokallaða vaxtarsvæði eiga mörg hver við ýmsa erfiðleika að etja sem skapast af mikilli skuldsetningu, tekjufalli og auknum útgjöldum sem skapast vegna aukins atvinnuleysis, meiri ásóknar í leiguhúsnæði og aukins fjölda fólks sem þarf á öryggisneti sveitarfélaganna að halda. Önnur sveitarfélög búa hins vegar mörg hver við þær aðstæður að þar hefur íbúum fækkað verulega á liðnum áratugum og því færri sem standa undir samfélagslegum skyldum. Þar hafa sveiflur í afkomu sveitarfélaga aftur á móti verið mun minni en á þeim svæðum þar sem uppbygging var gríðarlega mikil um nokkurra ára skeið.

Niðurstaða úr rekstri sveitarfélaganna fyrir árið 2010 liggur ekki fyrir enn. Sveitarfélögin hafa allt frá hruni haustið 2008 unnið að umfangsmiklum hagræðingar- og sparnaðaraðgerðum. Álögur ríkisvaldsins hafa meðal annars með mikilli hækkun tryggingargjaldsins dregið úr þeim ávinning sem sveitarfélögin höfðu náð í hagræðingu og sparnaði. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um að endurgreiða seinni hluta tryggingargjaldshækkunarinnar á árinu 2010 en fjárhæðin var áætluð nær 1.4 ma.kr. Með fjárlögum fyrir árið 2011 var tekin ákvörðun um að þessi endurgreiðsla skyldi falla niður á árinu 2011.

Skólastofa í Menntaskóla Borgarfjarðar skartar óvenjulegri landslagsmynd



Sömmuleiðis lækkaði aukaframlag ríkisins í jöfnunarsjóð. Gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2011 tók eðlilega mið af þessum aðstæðum og stóðu sveitarfélögin víða frammi fyrir verulegri þörf á auknum sparnaði og hagræðingu til viðbótar við allt annað sem unnið hefur verið að á þessu sviði frá haustinu 2008. Víða hefur reynst nauðsynlegt að ráðast í verulega uppstokkun á starfsemi sveitarfélaganna af þessum ástæðum.

Fulltrúar sveitarfélaganna funduðu alls fjórum sinnum með fulltrúum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins þar sem málefni sveitarfélaganna voru til umfjöllunar í tengslum við aðkomu sjóðsins að eftirliti með þróun opinberra fjármála á landinu.

Á vegum samráðsnefndar um efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga var unnið að skýrslu sem fjallaði annars vegar um fjármálareglur sveitarfélaga og hins vegar um fyrirkomulag á samráði ríkis og sveitarfélaga. Vinnu við skýrsluna lauk í september. Hún var lögð fram og rædd á landsþingi sveitarfélaga í lok september og myndar síðan ákveðinn grunn fyrir fjármálakafli í frumvarpi um sveitarstjórnarlög. Nefndin stóð fyrir námsstefnu um fjármál og fjármálareglur sveitarfélaga í febrúar í samvinnu við fulltrúa Evrópuráðsins. Fulltrúar Evrópuráðsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komu að vinnu við skýrsluna sem ráðgjafar.

Vinna að stöðumati og stefnumörkun fyrir Upplýsingaveitu sveitarfélaga til framtíðar í samvinnu við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (núv. Innanríkisráðuneyti) og Hagstofu Íslands hélt áfram á árinu. Unnið var áfram að undirbúningi þess að geta flutt upplýsingar á rafrænan hátt úr bókhaldi sveitarfélaganna í gagnagrunn Upplýsingaveitunnar. Fyrirtækið Maritech annaðist

verkið og bar Valur Þórarinsson ábyrgð á þeirri vinnu fyrir hönd fyrirtækisins. Undirbúningi verkefnisins er lokið. Uppsetningu á upplýsingalykli og vinnu við gerð handbókar er lokið.

Á árinu 2010 var lögð áhersla á stefnumörkun verkefnisins. Safnað var upplýsingum um rekstrarþáttinn hjá 16 sveitarfélögum, sem tilheyrði árinu 2009. Nokkur umræða fór fram um tengsl verkefnisins við starfsmenn Bedre kommune og Bedre Innsikt í Noregi um möguleika á að fá afnot af gagnavörslu- og gagnaúrvinnsluferfi þessara stofnana sem hafa þróað kerfið og reka það. Fulltrúar frá Kommuneforlaget komu til fundar um málið í júnímánuði og lögðu þeir fram ákveðið tilboð um möguleika á samstarfi við íslensk sveitarfélög í framhaldi af fundinum. Sá þáttur er enn í vinnslu.

Öflun upplýsinga sem varðar fjármál sveitarfélaganna og miðlun þeirra var bætt verulega í kjölfar efnahagshrunsins. Slíkar upplýsingar eru meðal annars settar reglulega inn á vef sambandsins og birtar í sérstökum fréttabréfum.

Útliti og uppsetningu Árbókar sveitarfélaga var breytt verulega á árinu. Markmið breytinganna var að gera árbókina aðgengilegri og auðveldari í notkun.

Nefnd um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga lauk störfum á árinu. Ekki varð sá árangur af starfi nefndarinnar sem vænst hafði verið til og lagt hafði verið upp með.

Nefnd um endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lauk störfum á árinu. Nefndin lagði til verulegar breytingar á jöfnunarkerfi sveitarfélaganna en stefnt er að því að þær taki gildi í áföngum.

*Skýrsla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga var kynnt í júní*



## Kjaramál

### Launanefnd sveitarfélaga lögð niður

Með breytingum á samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga á landsþingi haustið 2010 var Launanefnd sveitarfélaga lögð niður og umboð nefndarinnar til kjarasamningagerðar fært til stjórnar sambandsins. Frá sama tíma var kjarasviði sambandsins falin yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemdum sveitarfélaganna. Stjórn sambandsins skipaði jafnframt fimm manna kjaramálanefnd, stjórn og kjarasviði til ráðgjafar. Nefndin er skipuð tveim fulltrúum úr stjórn sambandsins og þrem sérfræðingum sveitarfélaga í kjara- og starfsmannamálum. Sviðsstjóri kjarasviðs stjórnar fundum nefndarinnar. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir tilvikum til staðfestingar en eru að öðru leyti ekki til opinberrar birtingar.

Stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum og sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt.

### Hlutverk kjarasviðs

Kjarasviðið hefur það meginhlutverk að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og að fara með fyrirsvar í kjaramálum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna þeirra sveitarfélaga sem veitt hafa umboð sitt til þess. Kjarasvið hefur frumkvæði að rannsóknum og sinnir upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.

Föst verkefni kjarasviðs eru:

- Kjarasamningagerð f.h. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Þátttaka og störf í þágu samstarfsnefnda kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Undirbúningur samningastefnu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Ráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, s.s. aðstoð við túlkun og skýringar kjarasamninga og launaútreikninga.
- Vinnuréttarleg ráðgjöf til sveitarfélaga.
- Ráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um mannauðsstjórnun.
- Kjararannsóknir.
- Endur- og símenntun starfsmanna sveitarfélaga.
- Kemur að símenntun fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga er annast framkvæmd kjarasamninga.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál, símenntun starfsmanna og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.

*Samkomulag um fjárhagsramma vegna flutnings á þjónustu við fatlað fólk var undirritað í Ráðherrabústaðnum í júlí*



- Samráð og samvinna við fulltrúa vinnuveitenda á opinberum og almennum vinnumarkaði.
- Samskipti við stéttarfélög og aðra aðila vinnumarkaðar.
- Rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFs.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.
- Umsjón með rekstri og umsýslu Námsleyfasjóðs og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.

## Kjarasamningar

Samningsumboð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga er grundvallað á skriflegum umboðum sem stjórnin hefur frá öllum sveitarfélögum landsins og ýmsum stofnunum á vegum þeirra. Auk þess hefur sambandið það lögbundna hlutverk að semja við stéttarfélög tónlistarskólakennara. Í framsali samningsumboðsins felst skuldbinding um að hlíta samþykktum stjórnarinnar og þeim kjarasamningum sem hún gerir fyrir þeirra hönd í öllum atriðum. Breytingar, viðbætur og frávík, s.s. kerfisbundnar yfirborganir sem byggja á launategundum kjarasamnings á gildistíma hans eru með öllu óheimilar án samþykkis stjórnarinnar. Í desember 2010 hafði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 614 fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar.

Gildandi kjarasamningar sambandsins við stéttarfélög eða sambönd þeirra á árinu 2010 voru 43 við 69 stéttarfélög og ná til um 13.800 stöðugilda hjá sveitarfélögum en Reykjavíkurborg annast sjálf samningsgerð vegna um 5.400 stöðugilda.

Þann 1. desember 2010 runnu út kjarasamningar við flesta viðsemjendur Sambands íslenskra

sveitarfélaga innan BSRB og ASÍ. Frá 1. september 2009 er samt sem áður enn ósamið við sjúkraliða, nokkur iðnaðarmannafélög, Félag leikskólakennara og öll aðildarfélög Bandalags háskólamanna (BHM). Samningar sambandsins við Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands hafa verið lausir síðan 1. júní 2009.

Ástæða þess að ekki náðust samningar við aðra en félög tekjulægstu starfsmanna sveitarfélaga er sú að í stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009, náðu aðilar vinnumarkaðarins samstöðu um að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu. Miðað var við að hækka dagvinnulaun undir kr. 210.000.- á mánuði, í áföngum fram til 30. nóvember 2010. Ekki var gert ráð fyrir launahækkunum annarra hópa. Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg gerðu kjarasamninga sína á grundvelli stöðugleikasáttmálans. Í samningum ríkisins og viðsemjenda þess var samið um launahækkunir umfram nefnt viðmið. Afleiðingin varð sú að þar sem sveitarfélögin höfðu ekki svigrúm til að jafna ríkishækkunirnar treystu stéttarfélög tekjuhærra starfsmanna sveitarfélaga sér ekki til að semja við sveitarfélögin um lakari kjör en ríkið bauð. Frá því í desember 2008 hafa því aðeins laun tekjulægstu starfsmanna sveitarfélaganna verið lítillega hækkuð. Aðrir hafa ekki fengið launahækkunir og margir starfsmenn sveitarfélaga að auki sætt lækun heildarlauna, þegar draga hefur þurft úr yfirvinnugreiðslum og öðrum viðbótargreiðslum vegna sparnaðaraðgerða. Stéttarfélögin hafa flest sýnt sveitarfélögunum samstöðu í erfiðu árferði, haldið friðinn og þannig veitt sveitarfélögunum dýrmætt svigrúm til að takast á við afleiðingar efnahagshrunsins. Fyrir liggur að á árinu 2011 verður róðurinn mörgum

*Suðurhlíðar Kópavogs við sólarlag*



sveitarfélögum áfram þungur og augljóst að lítið svigrúm er til launahækkana.

Kjaraviðræður Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda þess hófust í október 2010 og standa enn yfir þegar þetta er skrifað.

### Samstarfsnefndir

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra viðsemjenda. Samstarfsnefndir starfa utan starfstíma formlegra samninganefnda aðila. Samstarfsnefnd hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamninga aðila og lausn ágreiningsefna. Hvor aðili fyrir sig getur skotið ágreiningsefnum til samstarfsnefndar og kallað hana til starfa. Á árinu 2010 voru haldnir 35 samstarfsnefndafundir. Áhersla var lögð á að tæma þá verkefnaalista sem LN og viðsemjendur urðu ásáttir um að vinna á samningstímabilinu og tókst það að mestu leyti.

### Flutningur málefna fatlaðra

Undirbúningur flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010-11 varð eitt umfangsmesta verkefni kjarasviðs árið 2010. Við yfirfærsluna fengu um 1.400 ríkisstarfsmenn nýja vinnuveitendur hjá viðkomandi sveitarfélögum. Það er krefjandi verkefni fyrir sveitarfélögin að taka á móti svo stórum starfsmannahópi og lagði kjarasvið áherslu á að styðja sveitarfélögin vel í því verkefni. Kjarasvið gaf út bækling og leiðbeiningarit til starfsmanna og framkvæmdaaðila kjarasamninga sveitarfélaganna, auk beinnar ráðgjafar og leiðbeininga í formi fjölpósta og forma að viðaukum við ráðningar- og

tímavinnusamninga. Fulltrúar kjarasviðs sátu einnig í samráðshópi á vegum félagamálaráðuneytisins um starfsmannamál verkefnaflutningsins og komu ásamt fulltrúum nokkurra sveitarfélaga að vinnu með fjársýslu ríkisins og fjármálaráðuneyti um skipulagningu og meðferð einstakra þátta starfsmanna- og launamála.

### Launaskólinn

Í febrúar 2010 hófst kennsla í Launaskólanum, sem er starfstengd námsleið ætluð launafulltrúum og öðrum sem koma að kjara- og starfsmannamálum hjá sveitarfélögum og ríki. Frumkvæðið að skólanum kom frá kjarasviði sambandsins sem ásamt starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis vann að undirbúningi hans í samstarfi við Starfsmennt fræðslusetur. Þá hafa starfsmenn kjarasviðs einnig tekið að sér kennslu við Launaskólann og gerð námsefnis. Námið hefur verið vel sótt af launafulltrúum sveitarfélaga og öðrum þeim er koma að framkvæmd kjarasamninga.

### Mannauðsstjórnun

Starfsmenn kjarasviðs sóttu nokkra fundi með mannauðsstjórum stærstu sveitarfélaganna og einnig bauð kjarasvið hópnum til fundar í mars til að ræða ýmis mál sem tengjast kjara- og mannauðsmálum.

Kjarasvið í samvinnu við Virk, Starfsendurhæfingarsjóð, stóð fyrir ráðstefnu um leiðir til að draga úr veikindafjarvistum starfsmanna. Ráðstefnan var ætluð öllum stjórnendum sveitarfélaga sem fara með mannaforráð og var haldin í Reykjavík og á Akureyri í mars. Í apríl var settur á laggirnar Mannauðssjóður Samflots. Í hann geta sveitarfélög sótt styrki vegna kostnaðar við símenntun starfsmanna sinna í

*Námstefna um fjármál sveitarfélaga var haldin í janúar*



bæjarstarfsmanafélögum Samflots, svo sem vegna námskeiðahalds og náms- og kynnisferða sem þau standa fyrir. Þessi sjóður á sér samsvörun í eldri starfsmenntunarsjóðum vegna annarra starfsmanna, þ.e. í aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins og KILI – starfsmannafélags í almannapjónustu.

Í maí gerðust sambandið, ásamt fjármálaráðuneyti og BSRB, aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fræðslumiðstöðin var stofnuð árið 2002 af ASÍ og SA og starfar á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Markhópur starfseminnar er einkum fólk á vinnumarkaði, sem hefur ekki lokið námi frá framhaldsskóla. Starfsmaður kjarasviðs situr í stjórn Fræðslumiðstöðvar sem og í stjórn Fræðslusjóðs, sem var stofnaður á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Fræðslusjóður úthlutar fjár til verkefna á sviði framhaldsfræðslu og hefur um 600 milljónir til ráðstöfunar árlega.

Starfsmenn kjarasviðs sitja í stjórnnum eftirtalinna sjóða, sem styðja við símenntun starfsmanna sveitarfélaga:

- Endurmenntunarsjóður grunnskóla
- Fræðslusjóður
- Mannauðssjóður KJALAR
- Mannauðssjóður Samflots
- Námsleyfasjóður kennara og stjórnenda grunnskóla
- Sveitamennt (SGS-félög)
- Verkefna- og námsstyrkjasjóður (Vonarsjóður)

## Kjararannsóknir

Launaupplýsingum var safnað frá sveitarfélögum síðastliðið vor og fram á sumar. Upp úr launaupplýsingunum hefur verið unninn gagnagrunnur og reiknilíkan sem notað er í yfirstandandi kjaraviðræðum.

## Námsleyfa- og endurmenntunarsjóður

Kjarasvið annast umsýslu og rekstur Námsleyfasjóðs og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla árið 2010 lauk í apríl. Alls bárust umsóknir um styrki til 208 verkefna upp á tæpar 76 m.kr. Ákveðið var að veita styrki til 189 verkefna og nam heildarupphæð styrkloforða tæpum 25,8 m.kr. Úthlutun úr Námsleyfasjóði vegna skólaársins 2011-2012 lauk í nóvember. Alls bárust 163 fullgildar umsóknir um námsleyfi. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt væru 32 námsleyfi.

Sérfræðingar kjarasviðs taka virkan þátt í starfi skólategmis sambandsins. Þá sitja starfsmenn kjarasviðs í undanþágunefnd grunnskóla og nefnd um menntun og ráðningu kennara.

Í ágúst mánuði var skýrsla með niðurstöðum könnunar á framkvæmd samrekturs skóla birt á vef sambandsins. Könnunin var unnin í samvinnu við Skólastjórafélag Íslands og Félag leikskólakennara.

*Jón Gnarr borgarstjóri flutti hugvekju á málstofu um skólamál sem haldin var í nóvember*



### Útgáfa

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hóf útgáfu fréttabréfs í marsmánuði árið 2010. Þrjú fréttabréf komu út á árinu og í þeim er fjallað um það helsta sem er á döfinni innan sviðsins, stöðu kjarasamninga, mannauðsmál, fræðslumál og fleira.

Unnið var að útgáfu kjarasamningstexta með því að bæta breytingum þeim sem komu inn í kjarasamninga aðila í desember 2008 og júlí 2009 inn í eldri samningstexta. Heildarútgáfur þessar hafa verið birtir á heimasíðu sambandsins um leið og samþykki viðkomandi stéttarfélags hefur legið fyrir.

Unnið var við endurbætur á kjarasviðshluta upplýsinga- og samskiptavefjar sambandsins á netinu og áfram verður unnið að þróun vefjarins á árinu 2011.

### Starfsmat

Verkefnastjórn um framkvæmd og framtíðarsýn starfsmatskerfisins SAMSTARF lauk störfum í marsmánuði og þann 17. mars var haldin ráðstefna til að kynna skýrslu verkefnastjórnarinnar og niðurstöður hennar. Næstu kjarasamningar munu bera merki þessarar vinnu m.a. í nýjum ákvæðum um starfsþróunarsamtöl, starfslýsingar og endurskoðun á menntunarkafla kjarasamninga.

Á árinu var tekin í notkun ný útgáfa af starfsmatskerfinu. Verkið var unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg.

### Samstarf vinnuveitenda

Fulltrúar Launaneftdar sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, fjármálaráðuneytis og Samtaka atvinnulífsins hafa

undanfarin ár hittist reglulega á óformlegum fundum þar sem menn hafa borið saman bækur sínar og farið yfir stöðu kjaramála.

Fulltrúar opinberu vinnuveitendanna hafa að auki haft með sér ágætt samráð en án skuldbindinga um samræmda stefnu í kjarasamningagerðinni.

Með bréfi í ágúst lagði borgarstjórinn í Reykjavík til að Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg könnuðu alvarlega kosti þess og galla að stofna til formlegs vettvangs samvinnu, stefnumótunar og ákvarðanatöku um sameiginlega kjarastefnu hins opinbera. Markmið þess væri m.a. að koma sér saman um heildarsvigrúm hins opinbera til launahækkana hverju sinni og tilgangurinn að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði.

Bæði Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðherra tóku erindi borgarstjóra vel og settur var saman vinnuhópur í verkefnið. Þann 22. október 2010 undirrituðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytis samkomulag um upptöku formlegra samráðs og nánari samvinnu milli aðila í aðdraganda komandi kjaraviðræðna. Aðilar voru jafnframt sammála um að á árinu 2011 muni þeir greina nánar og setja fram hugmyndir um nýtt fyrirkomulag kjarasamninga á vinnumarkaði og undirbúa sameiginlega stefnumörkun hins opinbera í þeim efnum.

### Lögfræði- og velferðarsvið

Sú breyting var gerð á skipuriti sambandsins í árslok 2009 að til varð nýtt svið, lögfræði- og velferðarsvið. Á sviðinu starfa sérfræðingar í skólamállum, félagsþjónustu

*Haustlitir á Akureyri í október*



og úrgangsmálum, auk tveggja lögfræðinga. Ekki hefur áður verið starfandi hjá sambandinu sérfræðingur í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga en ljóst var að mikil þörf væri fyrir slíkan starfsmann, ekki síst vegna fyrirhugaðrar tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga en einnig víðtæks atvinnuleysis og fjárhagsörðugleika í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Óhætt er að segja að hið nýja svið hafi farið ágætlega af stað á sínu fyrsta starfsári en óneitanlega er afar krefjandi að sinna því víðtæka málefnaviði sem sviðinu er ætlað.

### Almenn verkefni lögfræði- og velferðarsviðs

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 29. maí 2010. Framkvæmd kosninga var víðast hvar hnökralaus og var ágætt samstarf við dóms- og mannréttindaráðuneytið, sem nú annaðist framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í fyrsta sinn, um leiðbeiningaþjónustu í gegnum kosningavefinn. Einnig fór á árinu fram þjóðaratkvæðagreiðsla um lög um staðfestingu svonefndra lcesave samninga og kosning til stjórnlagabings. Sambandið átti nokkra aðkomu að undirbúningi þessara kosninga og hafði milligöngu fyrir hönd sveitarfélaga við dóms- og mannréttindaráðuneytið um kostnaðaruppgjör vegna þeirra.

Starfshópur um heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga skilaði endanlegum tillögum sínum í árslok 2010 en drög að frumvarpi voru kynnt á landsþingi sambandsins og á fjármálaráðstefnu. Samráðsnefnd um efnahagsmál og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga áttu mikla aðkomu að gerð fjármálareglna og naut samráðsnefndin m.a. aðstoðar sérfræðinga frá Evrópuráðinu og Alþjóða gjaldeyrissjóðnum í þeirri vinnu. Var að mestu byggt

á þeim tillögum hvað varðar breytingar á köflum um fjármál sveitarfélaga og eftirlit með fjármálum. Áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi er m.a. lögð á það áhersla af hálfu sambandsins að hugað verði sérstaklega að lagalegri stöðu og hlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Fulltrúar sviðsins hafa átt nokkra aðkomu að undirbúningi aðildarviðræðna um inngöngu í ESB í svokölluðum EES II hópi, einkum á sviði umhverfismála, en rýnivinna í þeim málaflokki stóð enn yfir í lok árs. Fulltrúi sviðsins sótti vörfund í vinnuhópi CEMR um opinber innkaup og almannaðjónustu. Vegna umfangs verkefna innanlands, sérstaklega tilfærslu málefna fatlaðra, voru Evrópumálin þó ekki í miklum forgangi á árinu, ef frá eru talin úrgangsmálin.

Sambandið veitti umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um opinber innkaup, sem að álit sambandsins eru mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélög og aðra opinbera aðila og verður unnið áfram að því verkefni á komandi ári.

### Skólamál

Mikið starf var unnið í skólamálum á árinu. Í ljósi erfiðleika í rekstri flestra sveitarfélaga var mikil áhersla lögð á að miðla hugmyndum og reynslu um hagræðingaraðgerðir í skólahaldi. Óformlegur starfshópur mennta- og menningarmálaráðuneytis og sambandsins vann að greiningu kostnaðar við rekstur grunnskóla vegna frekari hagræðingaraðgerða sveitarfélaga í skólamálum. Greinargerðinni var skilað til ráðherra í desember.

*Ný stjórn sambandsins kom saman til fyrsta fundar í október*





Vinnu við gerð reglugerða á grundvelli leikskólalaga og grunnskólalaga lauk að mestu á árinu. Vandað hefur verið til þeirrar vinnu og hefur sambandið verið mjög virkur þátttakandi ásamt Reykjavíkurborg. Sérstök kostnaðarmatsnefnd hefur yfirfarið áhrif reglugerðanna á sveitarfélögin og er áætlaður kostnaðarauki þeirra um 220 milljónir króna. Ekki hafa enn verið teknar upp viðræður um hvernig sá kostnaðarauki verði bættur sveitarfélögunum.

Sambandið hefur átt aðild að vinnu nefndar mennta- og menningarmálaráðherra um endurskipulagningu á endurmenntun kennara á öllum skólastigum. Á grundvelli skýrslu nefndarinnar hefur menntavísindasvið Háskóla Íslands kallað til frekara samráðs um úrvinnslu tillagna hennar.

Umsagnir sambandsins um aðalnámskrár leik- og grunnskóla voru unnar í samstarfi við skólamálanefnd og skólateymi og sendar ráðuneyti í árslok.

Vinna stendur yfir við gerð handbókar um öryggismál í leik- og grunnskólum í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið á grundvelli nýrra skólalaga.

Skýrsla Skólalags sveitarfélaga var gefin út á rafrænu formi árið 2010. Umfjöllun og tillögum starfshópa voru þar gerð sérstök skil. Skýrslan er aðgengileg á upplýsingavef sambandsins.

Kortlagningu og greiningu á upplýsingaöflun ýmissa opinberra aðila og samtaka í leik- og grunnskólum er lokið og eru skjölin aðgengileg á heimasíðu sambandsins. Einu sinni á ári verður þessi skráning uppfærð og nýjar rannsóknir settar inn.

Til að auðvelda sveitarfélögum að uppfylla ákvæði laga um eftirlits- og matshlutverk þeirra hefur verið unnið yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda samkvæmt grunnskólalögum. Ritinu er ætlað að vera skólanefndum til stuðnings og efla þær í hlutverki sínu. Í vinnslu er samskonar yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda leikskóla.

Á heimasíðu sambandsins er komið yfirlit yfir matstæki og aðferðir sem geta gagnast við innra mat á grunnskólastarfi. Einnig er á heimasíðunni yfirlit yfir matstæki og aðferðir sem gagnast við innra mat á leikskólastarfi.

Unnar hafa verið leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla. Ritinu er ætlað að vera leiðarvísir fyrir skólanefndir eða aðila á þeirra vegum við að sannreyna að innra mat skólans sé framkvæmt á viðunandi hátt og niðurstöður þess séu nýttar til umbóta. Um er að ræða nokkurskonar ytra mat til að efla og styðja innra mat skólans.

Stofnaður hefur verið faghópur sem samanstendur af fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis og fulltrúum sveitarfélaga. Verkefni hópsins felst í að meta hugmyndir að samstarfi um reglubundið ytra mat á grunnskólum að teknu tilliti til grunnskólalaga. Stefnt er að því að hópurinn skili skriflegri tillögu um ytra mat á grunnskólum á fyrri hluta árs 2011.

Gefin hafa verið út tvö rit sem ætluð eru sveitarfélögum til stuðnings við mótun skólastefnu. Annars vegar er það handbók um gerð skólastefnu til að auðvelda sveitarfélögum að setja sér slíka stefnu og nýta sem virkt stjórnþæki. Hins vegar er stytt útgáfa af handbókinni

*Fyrsti fundur bakhóps um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks fór fram í desember*



sem dregur fram meginatriði hennar og er hugsuð til leiðbeiningar fyrir þátttakendur í gerð skólastefnu. Á heimasíðu sambandsins hafa verið settir tenglar á skólastefnur þeirra sveitarfélaga sem hafa mótað sér slíka stefnu og gert hana aðgengilega á heimasíðu sinni.

Þá var unnið að því að fylgja eftir sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskóla, s.s. með því að tengja hana skólastefnu sveitarfélaga, þróa mælikvarða sem mæla markmið hennar og koma henni sem kennslugagni inn í kennaradeildir HÍ og HA.

Á árinu var skipuð viðræðunefnd mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sambandsins til að gera tillögur um breytta verkaskiptingu á sviði tónlistarfræðslu. Nefndin náði ekki að skila endanlegum tillögum fyrir árslok.

## Skipulagsmál

Skipulagsmálanefnd er ný ráðgefandi nefnd fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins. Nefndin fundaði aðeins tvisvar á árinu en töluvert samráð var einnig haft við nefndarmenn utan funda. Nefndin var m.a. til ráðgjafar um frumvörp til nýrra skipulagslaga og laga um mannvirki, sem samþykkt voru á árinu, en fjölmörg önnur frumvörp sem varða skipulagsmál bárust sambandinu til umsagnar á árinu. Má þar einkum nefna frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, frumvarp til laga um skeldýrarækt og frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs hélt allmarga fyrirlestra um skipulagslögin á árinu, m.a. á samráðsfundi Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga

í september. Einnig aðstoðaði sambandið nokkur sveitarfélög í samskiptum við opinbera aðila, m.a. vegna vegamála. Er því óhætt að segja ærið tilefni hafi verið til þess að setja á fót sérstaka nefnd um skipulagsmál á vettvangi sambandsins.

Vinna við skipulagsreglugerð hófst í september og í desember hófst vinna við gerð reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Lagði sambandið fram áherslur og tilnefndi fulltrúa í vinnuhópa um þessi verkefni. Einnig tilnefndu sambandið og Félag byggingarfulltrúa fulltrúa í vinnuhópa vegna endurskoðunar byggingareglugerðar, sem hófst síðsumars.

Undirritaður var samstarfssamningur við umhverfisráðuneytið í lok árs og á grundvelli hans mun verkefnisstjóri starfa næstu þrjú árin að verkefnum á sviði úrgangsmála, sjálfbærrar þróunar og umhverfismála almennt, m.a. í þeim tilgangi að vakta markvisst nýjar gerðir á vettvangi ESB. Skipulagsmálanefnd mun hafa leiðbeinandi hlutverki að gegna varðandi aðra þætti þessa starfs en þá sem snúa að úrgangsmálum.

## Umhverfis- og úrgangsmál

Verkefni um hagsmunagæslu í úrgangsmálum var upphaflega ætlað að standa í þrjú ár, þ.e. til ársloka 2010. Á vettvangi verkefnisstjórnar kom fram vilji til þess að halda verkefninu áfram í 2-3 ár, með það að markmiði að þegar til framtíðar er litið verði sérfræðingur í úrgangs- og umhverfismálum hluti af föstu starfslíði sambandsins. Með undirritun samstarfssamnings við umhverfisráðuneytið, sem áður er nefndur, liggur fyrir

*Leikskóli í Kópavogi*



að verkefnisstjóri mun sinna úrgangsmálum í 50% starfshlutfalli til ársloka 2013.

Vinna við innleiðingu rammatilskipunar ESB um úrgang er enn á undirbúningsstigi. Áhersla hefur verið lögð á að kynna fyrir sveitarfélögum lykilhugtök úr henni, svo sem Life Cycle Thinking eða lífsferilshugsun.

Lítið hefur miðað á árinu við gerð skýrslu um áhrif laga um meðhöndlun úrgangs á sveitarfélögin, aðallega vegna þess að málið hefur ekki verið í forgangi í umhverfisráðuneytinu. Í tengslum við þessa vinnu hefur verið lögð áhersla á öflun gagna, sem að hluta verða fengin frá Umhverfisstofnun hvað varðar magn og tegundir úrgangs. Einnig mun fara fram kostnaðargreining til að gera sveitarfélögum kleift að meta möguleika og kosti á samvinnu um meðhöndlun úrgangs, ekki bara um förgun heldur einnig um aðra þætti, svo sem söfnun og flokkun úrgangs.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki gefið út nýja landsáætlun um úrgang en drög voru kynnt og rædd sl. haust. Fulltrúar verkefnisstjórnar kynntu Umhverfisstofnun útfærslu á þeim atriðum sem þeir töldu eiga heima í landsáætlun. Rætt hefur verið um að hafa þessa útfærslu til hliðsjónar þegar sveitarfélög gera eða endurskoða svæðisáætlanir.

Samtökin Municipal Waste Europe, sem hafa það að markmiði að styrkja forræði sveitarfélaga yfir meðhöndlun úrgangs sem almannaðjónusta sveitarfélaga, héldu tvær málstofur á árinu, um raf- og rafeindatækjaúrgang og lífrænan úrgang sem þóttu takast vel. Reiknað er með því að framhald verði á þessu fyrirkomulagi upplýsingarmiðlunar. Einnig voru stofnaðir

ýmsir aðgerðahópar, m.a. um gerð heimasíðu MWE og lífrænan úrgang. Tveir fulltrúar verkefnisstjórnar eru í aðgerðahópi um lífrænan úrgang, verkefnisstjóri tekur þátt í vinnu aðgerðahóps um gerð heimasíðu MWE.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf í október út reglugerð um breytingu á reglugerð um sláturúrgang og dýraleifar frá 2007. Reglugerðin setur verulegar hömlur á notkun kjötmjöls og moltu sem inniheldur dýraleifar til áburðar og er rekstrargrundvöllur jarðgerðarstöðvar og kjötmjölsverksmiðju þar með settur í uppnám. Hvorki var haft samráð við sveitarfélög né önnur stjórnvöld á sviði úrgangsmála áður en reglugerðin var sett. Á grundvelli andmæla sambandsins og verkefnisstjórnar um úrgangsmál var gildistöku hluta reglugerðarinnar frestað um hálf á en í árslok hafði ekkert samráð farið fram um málið af hálfu ráðuneytisins.

Að frumkvæði verkefnisstjóra um úrgangsmál var ráðist í rannsóknarverkefni um hauggasmyndun á urðunarstöðum. Markmið rannsókna er bæði að meta hvort nauðsynlegt er að safna hauggasi á minni urðunarstöðum og afla vísbendinga um hvort hauggasmyndun er það mikil á stærri urðunarstöðum að nýting þess geti verið hagkvæm. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar lágu fyrir í október og stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir vorið 2010. Niðurstöður eiga að gefa vísbendingu um þá kosti sem sveitarfélögum standa til boða hvað varðar nýtingu hauggassins.

Sambandið tilnefndi fulltrúa í samstarfshóp um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Samstarfshópurinn er á vegum umhverfisráðuneytisins og skilaði áfangaskýrslu á árinu.

Slökkviliðsmenn mættu fyrir utan Borgartún 30 í maí til að kynja á um nýjan kjarasamning



Frumvarp um stjórn vatnamála er til meðferðar á Alþingi og tók fulltrúi sambandsins þátt í gerð þess. Sambandið tilnefndi jafnframt fulltrúa í nefnd sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til þess að fjalla um lögsögu sveitarfélaga til hafsins en sú nefnd er enn að störfum.

## Félagsþjónusta

Félagsþjónustunefnd fundaði fimm sinnum á árinu og tók virkan þátt í undirbúningi að yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna. Einnig fylgdist nefndin almennt með þróun laga og reglugerða um úrræði vegna fjárhagsvanda heimila og einstaklinga. Þá var á fundum nefndarinnar fjallað sérstaklega um húsnæðismál, málefni atvinnuleitenda, réttarstöðu innflytjenda og samskipti við þriðja geirann, en þar er átt við frjáls félagasamtök og hjálparstofnanir sem liðsinna fólki í vanda. Nefndin átti góð samskipti við Velferðarvakt félags- og tryggingamálaráðuneytis og kom m.a. á framfæri ábendingum um leiðir til þess að forgangsraða verkefnum í þágu velferðar í áætlunum opinberra aðila. Þá var lögð áhersla á að koma á virkum tengslum við Samtök félagsmálastjóra.

Þá hafa starfsmenn sambandsins komið með ýmsum hætti að samskiptum við félagasamtök og stofnanir í þágu sameiginlegra verkefna eða áherslna á sviði velferðarmála. Einnig var samstarf við Tryggingastofnun ríkisins um samspil bóta og framfærslukerfa og Fjölmenningssetur um stöðu útlendinga gagnvart reglum um fjárhagsaðstoð.

Vinnu við reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu lauk á árinu, en unnið hafði verið að því verkefni um nokkurra ára skeið. Lögfræði- og velferðarsvið aðstoðaði fulltrúa sambandsins í vinnunni og kom mikið að lokaáfanganum sem unninn var samhliða gerð og afgreiðslu frumvarps um breytingar vegna yfirfærslunnar. Nokkur ágreiningur varð um efni þessarar nýju reglugerðar en niðurstaðan varð að mestu ásættanleg fyrir sveitarfélögin.

Lagabreytingar og setning annarra reglugerða sem unnið var að vegna yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk gengu að mestu ágreiningslaust í gegn. Skipti verulegu máli fyrir starfsmenn og aðra fulltrúa sambandsins í þeirri vinnu að geta byggt á reynslu af þjónustu við fatlað fólk á umliðnum árum sem byggst hefur upp í nokkrum sveitarfélögum á grundvelli þjónustusamninga við ríkið. Bæði undirritun heildarsamkomulags og afgreiðsla lagabreytinga drógust á langinn en með samstilltu átaki margra tókst þó að ljúka undirbúningsvinnu í tæka tíð.

Starfsmenn sviðsins tóku þátt í starfi húsnæðisnefndar á vegum Öryrkjabandalags Íslands, ásamt fulltrúum hagsmunasamtaka, sjálfseignarstofnana og ráðuneytis. Nefndin skilaði af sér tillögum í lok árs, þar sem fram kemur sameiginleg afstaða til helstu þátta í húsnæðismálum fatlaðra og öryrkja.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið virkan þátt í starfi stýrihóps Velferðarvaktarinnar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið skipaði. Velferðarvaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna.

*Undirritun samnings um flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga fór fram í nóvember*



Sambandið hefur tekið þátt í samstarfsverkefni um framtíðarfyrirkomulag þjónustu við heyrnalaus og heyrnarskerta einstaklinga. Í þessari vinnu er lögð áhersla á að stofna þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir málaflökkinn.

Í júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaráætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í tengslum við það var gerður samstarfssamningur með heimild í fjárlögum ársins 2009 á milli félags- og tryggingamálaráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, heilbrigðismálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga í landinu um aukna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD greiningu. Sveitarfélög eða stofnanir á vegum þeirra geta sótt um styrki vegna verkefna sem ætluð eru til þess að auka þjónustu við börn með ADHD og langveik börn. Stjórn verkefnisins er í höndum nefndar um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem félags- og tryggingamálaráðherra skipar. Sambandið á fulltrúa í þessari nefnd.

Sambandið óskaði eftir því í ágúst að eiga aðkomu að vinnu við gerð opinberra neysluviðmiðana. Var talið sýnt að slíkar viðmiðanir gætu haft áhrif á reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Í október fengu fulltrúar sambandsins og Reykjavíkurborgar aðild að starfshópum sem um þetta mál fjalla á vettvangi félags- og tryggingamálaráðuneytis. Sambandið óskaði á árinu eftir því að sá tími sem atvinnuleysistrygginga nýtur við yrði lengdur úr þremur árum í fimm, vegna erfiðra aðstæðna á vinnumarkaði. Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar var samþykkt í árslok þar

sem þessi tími er tímabundið lengdur í fjögur ár og mun sú breyting a.m.k. fresta því um eitt ár að stórir hópar atvinnulausra bætist í þann hóp sem háður er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Sambandið hefur gagnrýnt að skjólstæðingar félagsþjónustu sveitarfélaga njóta almennt ekki þeirra vinnumarkaðsúrræða sem Vinnumálastofnun býður upp á lögum samkvæmt, af þeirri ástæðu að úrræðin eru fjármögnuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Hafa sveitarfélögin því þurft að greiða stofnuninni sérstaklega fyrir aðgang að slíkum úrræðum. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur brugðist jákvætt við þessari gagnrýni og heitið því að beita sér fyrir breytingum. Samkomulag sem Reykjavíkurborg gerði við Vinnumálastofnun í lok ársins um atvinnumál fatlaðra gefur fyrirheit um að árangur sé að nást í þessu baráttumáli.

Sambandið óskaði eftir fundi með Vinnumálastofnun vegna langs afgreiðslutíma umsókna um atvinnuleysisbætur en slíkt gerir það að verkum að fólk getur verið án tekna í langan tíma og þarf því að sækja um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins. Alla jafna á fólk ekki rétt á fjárhagsaðstoð ef það á rétt á atvinnuleysisbótum en aðstæður fólks geta verið með þeim hætti að félagslegt öryggisnet sveitarfélaganna þarf að grípa inn. Fram kom hjá Vinnumálastofnun að það sé markmið stofnunarinnar að afgreiðsla nýskráninga taki aldrei lengri tíma en 4-6 vikur. Vinnumálastofnun hefur verið að vinna að því að breyta vinnulagi varðandi endurkomu fólks á atvinnuleysisbætur til þess að koma í veg fyrir langan biðtíma. Vinnumálastofnun gerir sér

*Fallegur dagur í Sveitarfélaginu Vogum*



grein fyrir vandanum og leggur áherslu á að koma málum til betri vegar í samstarfi við sambandið.

Sambandið lét í té umsagnir um margvísleg þingmál sem vörðuðu erfiða fjárhagsstöðu heimila. Í þessum umsögnum var lögð áhersla á að skilgreina bæri vel hlutverk mismunandi framfærslu- og bótakerfa. Þá var sérstaklega gætt að sérstöðu Innheimtustofnunar sveitarfélaga gagnvart þessum frumvörpum.

## Alþjóðamál

Stjórn sambandsins samþykkti að endurskipa ekki fulltrúa í alþjóðanefnd heldur leggja áherslu á óformlegt samráð þeirra stjórnarmanna sem tilnefndir hafa verið sem fulltrúar sambandsins í alþjóðastarfi þess.

Sambandið tók þátt í vinnu samningahóps utanríkisráðuneytisins um byggðamál vegna aðildarumsóknar að ESB en það á fimm fulltrúa í hópnum. Mikil vinna átti sér stað í hópnum til undirbúnings samningaviðræðna og þátttaka í ýmsum ráðstefnum og málþingum.

EFTA/EES sveitarstjórnarvettvangur tók til starfa á árinu og voru tveir fundir haldnir, annar hér á landi í júní í tengslum við ráðherrafund EFTA og hinn í Brussel í nóvember þar sem samþykkt var fyrsta ályktun vettvangsins um úrgangsmál sem komið var á framfæri við EFTA.

Samráðsfundur var haldinn í desember með sérfræðingum frá norska sveitarfélagasambandinu, KS, um samstarf milli systursambandanna til að stuðla að þátttöku íslenskra og norskra sveitarfélaga í þróunarverkefnum í ríkjum sem njóta styrkja frá Þróunarsjóði EFTA. Þetta er

spennandi verkefni og eru góðar líkur á að það komist á samstafsverkefni á sviði jafnréttismála.

## Helstu lagabreytingar á árinu 2010

Á árinu voru samþykkt ný skipulagslög og lög um mannvirki, sem leysa af hólmi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Jafnframt voru samþykktar breytingar á lögum um brunavarnir vegna þeirrar stjórnarsýslubreytingar sem felst í því að mannvirkjagerð og brunamál eru frá 1. janúar 2011 á ábyrgð nýrrar ríkisstofnunar sem nefnist mannvirkjastofnun. Þessar lagabreytingar áttu sér óvenju langan aðdraganda því árið 2002 voru skipaðir starfshópar með þátttöku fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að gera tillögur að frumvörpum. Þær tillögur lágu fyrir árið 2006 en hlutu ekki brautargengi fyrr en sl. haust, þegar sátt hafði náðst milli umhverfisráðherra og sambandsins um tiltekin atriði í frumvörpunum. Hæst bar ágreining um orðalag kafla í skipulagslögum sem fjallar um landsskipulagsstefnu en einnig var umtalsverður skoðanamunur um það hve vítt ætti að skilgreina verksvið Mannvirkjastofnunar, m.a. varðandi útgáfu byggingarleyfa. Niðurstaðan sem nú liggur fyrir er að mjög hefur verið dregið úr miðstýringu í stjórnarsýslu skipulags- og byggingarmála miðað við þær tillögur sem kynntar voru 2006 og verður vart annað sagt en að hagsmunagæsla sambandsins og mjög einörð afstaða sveitarstjórna víða um land hafi skilað góðum árangri í þessum málum. Mikið verk er þó enn óunnið við frekari útfærslu laganna í reglugerðum en tekist hefur ágætt samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um þá vinnu.

*Drög að frumvarpi um ný sveitarstjórnarlög voru kynnt á stjórnarfundum í september*



Sambandið átti einnig mikla aðkomu að gerð frumvarps um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, sem var samþykkt á Alþingi í desember og tók gildi 1. janúar 2011. Lögin hlutu nýtt heiti við þessa endurskoðun og nefnast þau nú lög um málefni fatlaðs fólks. Í þeirri breytingu felst m.a. viðurkenning á því sjónarmiði að ekki sé heppilegt að ræða um fatlað fólk sem einsleitan hóp heldur miklu frekar sem ólíka einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu á grundvelli sinnar fötlunar.

Sambandið hafði frumkvæði að því, ásamt Hafnasambandi Íslands, að lagt var fram frumvarp um breytingu á hafnalögum sem hlaut samþykki á vörpingi. Með þeirri lagabreytingu var leyst úr ágreiningi milli hafnanna og Landssambands íslenskra útvegsmanna um heimild til þess að binda aflagjald fiskiskipa við aflaverðmæti. Leikur framvegis enginn vafi á því að tenging við aflaverðmæti er heimil.

Að venju veitti sambandið á árinu umsagnir um fjölda annarra þingmála, sem of langt mál yrði að telja upp í skýrslu sem þessari. Allar umsagnir eru aðgengilegar á heimasíðu sambandsins.

### Fundir – ráðstefnur – námskeið

Námstefna um fjármálaþing sveitarfélaga var haldin í Reykjavík í janúar. Meðal fyrirlesara voru fulltrúar frá Danmörku, Hollandi, Englandi og frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum auk íslenskra fyrirlesara.

Í febrúar var haldinn fjölmennur vinnufundur vegna undirbúnings á tilfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaganna. Fundurinn var ætlaður fulltrúum í sveitarstjórnnum og félagsmálaráðum, stjórnendum

sveitarfélaga, starfsmönnum í félagsþjónustu og landshlutasamtökum sem og sérfræðingum í málefnum fatlaðs fólks.

Ráðstefnan „Vinum saman“ var haldin í samvinnu við Virk, endurhæfingarsjóð í mars og fór ráðstefnan fram á Akureyri. Markmið ráðstefnunnar var að kynna leiðir til að koma í veg fyrir og bregðast við langvarandi fjarvistum starfsmanna vegna veikinda eða slysa.

Samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga var haldinn í september. Fundurinn fór fram í Borgarbyggð og var ætlaður kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga í skipulags-, byggingar- og matsmálum.

Málþing sambandsins og sjö annarra stofnana um málefni fatlaðs fólks fór fram í Reykjavík í september. Á málþinginu var litið til málefna fatlaðs fólks út frá mörgum sjónarhornum, horft til framtíðar og sjónum beint að stjórnarsýslu, þjónustu við fatlaða og hugmyndafræði með áherslur á úrbætur. Þróunar- og alþjóðasvið tók þátt í undirbúningi og framkvæmd „Safe Community“ ráðstefnu Lýðheilsustofnunar í maí.

Sambandið var aðili að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu um almannavarnir í sveitarfélögum í samstarfi við Landsbjörgu í október.

Lýðræðisnámskeið með þátttöku danskra ráðgjafa var haldið í september. Annars vegar var um að ræða námskeið fyrir embættismenn og hins vegar fyrir kjörna fulltrúa.

Sambandið stóð fyrir námskeiðum í nóvember á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Suðurnesjum um lagalega stöðu sveitarfélaga, fjármál og vinnuveitendahlutverk þeirra. Námskeiðum í öðrum

Frá Ósvör við Bolungarvík



landshlutum var frestað til næsta árs í samráði við landshlutasamtökin.

Námskeið um innleiðingu Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum var haldið í nóvember. Leiðbeinandi var sænsku sérfræðingur frá sveitarfélaginu Umeå í Svíþjóð.

Sjónum var beint að innra starfi skólanna og var haldin málstofa í byrjun nóvember þar sem umfjöllunarefni vörðuðu skólabrag með ýmsum hætti. Rúmlega 100 manns sóttu málstofuna, sem þótti takast vel.

Tekið var upp samstarf við Heimili og skóla og fleiri hagsmunaaðila um fræðslufundi um eineltismál sem haldnir voru í öllum landshlutum haustið 2010 og þóttu takast vel.

## Starfsmannamál

Ekki urðu miklar breytingar á starfsliði sambandsins á árinu 2010. Stofnað var nýtt starf félagsþjónustufulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði og var ráðin í það starf Gyða Hjartardóttir, félagsmálstjóri í Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði. Hóf hún störf um mitt ár.

## Starfsmenn sambandsins í desember 2010:

### Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

### Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

### Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatssérfræðingur

Guðfinna Harðardóttir mannauðssérfræðingur

Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur

### Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Björk Ólafsdóttir verkefnisstjóri

Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi

Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur

Svandís Ingimundardóttir skólamálafultrúi

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

### Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri

Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri

Guðbjörg Karlsdóttir, ritari framkvæmdastjóra

Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafulltrúi

Jónína Eggertsdóttir, bókarari og launafulltrúi

Ragnheiður Snorradóttir ritari

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

### Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri


Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu

*Frá samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu í nóvember*





Skipurit sambandsins



Mætt til fundar í Stjórnarráðið



## Stjórn og nefndir

### Stjórn sambandsins

Halldór Halldórsson, formaður  
Norðvesturkjörsvæði  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg  
Óttar Ólafur Proppé, Reykjavíkurborg  
Guðríður Arnardóttir, varaformaður  
Suðvesturkjörsvæði  
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsvæði  
Elín R. Líndal, Norðvesturkjörsvæði  
Gunnlaugur Stefánsson, Norðausturkjörsvæði  
Eiríkur Björn Björgvinsson, Norðausturkjörsvæði  
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði  
Jórunn Einarsdóttir, Suðurkjörsvæði

### Kjaramálanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ  
Guðríður Arnardóttir, Kópavogsbæ  
Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð  
Halla Margrét Tryggvadóttir, Akureyrarkaupstað  
Hallur Páll Jónsson, Reykjavíkurborg

### Félagspjónustunefnd

Aðalsteinn Sigfússon, Kópavogsbæ  
Guðrún Sigurðardóttir, Akureyrarkaupstað  
Hjalti Þór Vignisson, Sveitarfélaginu Hornafirði  
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, Sandgerðisbæ  
Stella K. Víðisdóttir, Reykjavíkurborg

### Skipulagsmálanefnd

Elín R. Líndal, Húnaþingi vestra  
Elva Dögg Þórðardóttir, Sveitarfélaginu Árborg  
Páll Guðjónsson, Samtökum sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu  
Páll Hjaltason, Reykjavíkurborg  
Pétur Bolli Jóhannesson, Akureyrarkaupstað

### Skólamálanefnd

Gunnar Einarsson, Garðabæ  
Gunnar Gíslason, Akureyrarkaupstað  
Helga Guðmundsdóttir, Fljótsdalshéraði  
Kristín Hreinsdóttir, skólaskrifstofu Suðurlands  
Ragnar Þorsteinsson, Reykjavíkurborg

*Frá landsþinginu sem haldið var á Akureyri í október*







**Ársreikningur  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
2010**



## Áritun stjórnenda

---

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 76 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 350,1 m.kr. á árinu 2010 en rekstrargjöld 342,1 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 8,1 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 9,5 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 243,1 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 22,7 m.kr. Ársverk starfsmanna voru að meðaltali 24,2.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2010 nema 205,1 m.kr. en skuldir og skuldbindingar námu 18,8 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 186,3 m.kr. í áslök 2010.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2010 er gefinn út hinn 18. febrúar 2011 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 18. febrúar 2011

Framkvæmdastjóri:  
*Karl Björnsson (m.e.h.)*

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:  
*Magnús Karel Hannesson (m.e.h.)*

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Í Borgarbyggð 25. febrúar 2011

*Halldór Halldórsson (m.e.h.)*

*Hanna Birna Kristjánsdóttir (m.e.h.)*

*Óttarr Ólafur Proppé (m.e.h.)*

*Guðmundur Rúnar Árnason (m.e.h.)*

*Gunnar Einarsson (m.e.h.)*

*Elín R. LINDAL (m.e.h.)*

*Eiríkur Björn Björgvinsson (m.e.h.)*

*Gunnlaugur Stefánsson (m.e.h.)*

*Aldís Hafsteinsdóttir (m.e.h.)*

*Jórunn Einarsdóttir (m.e.h.)*

*Dagur B. Eggertsson (m.e.h.)*

## Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

### Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Sambands íslenskra sveitarfélaga. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 21. febrúar 2011.

KPMG ehf.

*Auðunn Guðjónsson (m.e.h.)*

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2010 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 21. febrúar 2011

*Steinþór Einarsson (m.e.h.)*

*Sandra Dís Hafþórsdóttir (m.e.h.)*

## Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		242.878.270	238.708.000	233.164.561
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	11.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		85.507.315	81.096.000	88.518.570
Aðrar tekjur		21.735.516	23.557.000	18.651.212
	11	<u>350.121.101</u>	<u>354.361.000</u>	<u>340.334.343</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld	12	243.055.995	242.243.600	223.050.145
Hækkun lífeyrisskuldbindingar		0	0	8.487.110
Annar rekstrarkostnaður	13	96.826.243	107.225.000	88.006.670
Afskriftir	15	2.176.493	2.176.493	1.825.152
		<u>342.058.731</u>	<u>351.645.093</u>	<u>321.369.077</u>
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<u>8.062.370</u>	<u>2.715.907</u>	<u>18.965.266</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur		1.910.409	3.965.000	11.476.054
Vaxtagjöld		0	( 25.000 )	( 23.704 )
Arður		17.500	17.500	17.500
Lækkun sjóða í fjárvörslu	16	( 536.229 )	( 3.500.000 )	( 8.761.552 )
		<u>1.391.680</u>	<u>457.500</u>	<u>2.708.298</u>
<b>Afkoma ársins</b>	18, 22	<u>9.454.050</u>	<u>3.173.407</u>	<u>21.673.564</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

		<b>Eignir</b>		
		Skýr.	2010	2009
<b>Fastafjármunir:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
	65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	6, 15	<u>96.282.820</u>	<u>98.459.313</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
	Hlutabréfaeign	7	120.711	89.461
	Fjárvörslureikningar	8, 16	<u>20.944.188</u>	<u>26.715.413</u>
			<u>21.064.899</u>	<u>26.804.874</u>
	Fastafjármunir samtals		<u>117.347.719</u>	<u>125.264.187</u>
<b>Veltufjármunir:</b>				
	Óinnheimtar tekjur		18.063.546	13.988.466
	Ýmsar skammtímaskröfur		3.613.378	7.388.730
	Handbært fé	9	66.025.050	49.538.621
	Veltufjármunir samtals		<u>87.701.974</u>	<u>70.915.817</u>
	<b>Eignir samtals</b>		<u>205.049.693</u>	<u>196.180.004</u>

## Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé:</b>				
	Eiginfjárreikningur	18	<u>186.289.590</u>	<u>176.835.540</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>				
	Viðskiptaskuldir		3.322.317	2.544.796
	Aðrar skammtímaskuldir		<u>15.437.786</u>	<u>16.799.668</u>
			<u>18.760.103</u>	<u>19.344.464</u>
	Skuldir samtals		<u>18.760.103</u>	<u>19.344.464</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>205.049.693</u>	<u>196.180.004</u>

## Sjóðsstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	18	9.454.050	21.673.564
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hækkun lífeyrisskuldbindingar		0	8.487.110
Afskriftir	15	2.176.493	1.825.152
Lækkun sjóða í fjárvörslu	16	536.229	8.761.552
		<u>12.166.772</u>	<u>40.747.378</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		( 299.728 )	4.353.286
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun		( 584.361 )	589.307
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar		0	( 3.541.129 )
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>( 884.089 )</u>	<u>1.401.464</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>11.282.683</u>	<u>42.148.842</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Keypt hlutabréf	7	( 31.250 )	0
Innleyst sjóðsbréf	16	5.234.996	15.846.616
Framlag til Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga	2	0	( 113.890.501 )
		<u>5.203.746</u>	<u>( 98.043.885 )</u>
<b>Hækkun, (lækkun) á handbæru fé</b>		16.486.429	( 55.895.043 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>		<u>49.538.621</u>	<u>105.433.664</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>66.025.050</u>	<u>49.538.621</u>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2010, en lífeyrisskuldbindingar sambandsins eru færðar í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 14 í ársreikningnum.

#### Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

#### Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign	50 ár
----------	-------

#### Eignarhluti í félagi

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

#### Fjárvörslureikningur

- 8 Fjárvörslureikningar í bankastofnunum eru færðir til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

#### Handbært fé

- 9 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### Fjárhagsáætlun

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi og skýringum.

## Skýringar frh.

### Rekstrartekjur

#### 11 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	242.878.270	238.708.000	233.164.561
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	58.510.051	55.929.000	48.923.746
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	8.537.000	7.640.000	5.873.400
Bækur, o.fl.	2.788.508	1.655.000	1.835.432
Samstarfsstofnanir	15.671.756	15.872.000	31.885.992
	85.507.315	81.096.000	88.518.570
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	3.060.002	2.357.000	4.206.668
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	18.375.514	21.200.000	14.444.544
Styrkir og endurgreiðslur	300.000	0	0
	21.735.516	23.557.000	18.651.212
Rekstrartekjur samtals	350.121.101	343.361.000	340.334.343

### Starfsmannamál

#### 12 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Laun	196.468.218	195.868.000	182.936.687
Launatengd gjöld	46.587.777	46.375.600	40.113.458
	243.055.995	242.243.600	223.050.145
Hækkun lífeyrisskuldbindingar			8.487.110
Laun og launatengd gjöld samtals	243.055.995	242.243.600	231.537.255

Meðalstarfsmannafjöldi	24,0	24,0	21,5
------------------------	------	------	------

### Annar rekstrarkostnaður

#### 13 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Vörukaup	14.702.574	14.230.000	14.978.663
Þjónustukaup	77.800.757	85.851.000	67.022.541
Skattar og opinber gjöld	2.134.114	2.797.000	3.037.231
Styrkir og framlög	2.188.798	4.347.000	2.968.235
Annar rekstrarkostnaður samtals	96.826.243	107.225.000	88.006.670

## Skýringar frh.

### Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

14	Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 98,8 m.kr. á árinu 2010 og skiptist hann þannig:			
		Sambandið	Lánasjóður	Samtals
	Rekstur húsnæðis	7.758.043	4.177.408	11.935.451
	Annar sameiginlegur kostnaður	72.891.472	13.971.756	86.863.228
	Samtals	80.649.515	18.149.164	98.798.679
	Hlutfall	82%	18%	100%

### Varanlegir rekstrarfjármunir

15 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2010	108.824.660
Afskrifað áður	( 10.365.347 )
Bókfært verð 1.1. 2010	98.459.313
Afskrifað á árinu	( 2.176.493 )
Bókfært verð 31.12. 2010	96.282.820
Stofnverð 31.12. 2010	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2010	( 12.541.840 )
Bókfært verð 31.12. 2010	96.282.820
Afskriftarhlutfall	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 81,6 m.kr. í árslok 2010.  
Brunabótamat eignarhlutans nemur 121,4 m.kr. á sama tíma.

### Áhættufjármunir og langtímakröfur

16	Fjárvörslureikningar greinast þannig:	
	Eign 1.1.2010	26.715.413
	Innleyst sjóðsbréf	( 5.234.996 )
	Rýrnun verðbréfaeignar	( 536.229 )
	Eign 31.12.2010	20.944.188

## Skýringar frh.

---

### Skammtímakröfur

- 17 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 19,8 m.kr. í árslok 2010. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

### Eigið fé

- 18 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2010	176.835.540
Afkoma ársins	9.454.050
Eigið fé 31.12. 2010	<u>186.289.590</u>

### Lykiltölur

19 Helstu lykiltölur:	2010	2009
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	4,67	3,67
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	90,9%	90,1%

## Skýringar frh.

### Launanevnd sveitarfélaga

20 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanevnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanevndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur framvegis yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemdum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs. Breyting þessi kemur að fullu til framkvæmda ár árinu 2011.

Rekstur launanevndar greinist þannig:

	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Launanevnd:			
Laun	3.812.903	4.292.000	4.017.871
Launatengd gjöld	664.792	846.000	665.146
Vörukaup	510.712	282.000	263.364
Þjónustukaup	2.216.949	2.229.000	2.225.340
Styrkir og framlög		67.000	62.500
Samtals kostnaður	7.205.356	7.716.000	7.234.221
Endurgreiðslur sveitarfélaga	( 7.205.356 )	( 7.716.000 )	( 7.234.221 )
Samtals	0	0	0
Starfsmat:			
Laun	13.894.988	13.938.000	9.640.432
Launatengd gjöld	3.502.713	3.510.000	2.175.021
Þjónustukaup	311.755	905.000	770.337
Samtals kostnaður	17.709.456	18.353.000	12.585.790
Endurgreiðslur sveitarfélaga	( 17.709.456 )	( 18.353.000 )	( 15.086.242 )
Samtals	0	0	( 2.500.452 )
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	18.000.000	18.000.000	18.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga	( 18.000.000 )	( 18.000.000 )	( 18.000.000 )
Samtals	0	0	0

21 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
Staða í ársbyrjun	( 5.437.807 )	( 5.438.000 )	( 3.052.270 )
Launanevnd, sbr. skýringu 20	7.205.356	7.716.000	7.234.221
Starfsmat, sbr. skýringu 20	17.709.456	18.353.000	12.585.790
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 20	18.000.000	18.000.000	18.000.000
Innheimt hjá sveitarfélögum á árinu	( 40.379.544 )	( 40.000.000 )	( 40.205.548 )
Staða í árslok	( 2.902.539 )	( 1.369.000 )	( 5.437.807 )

## Skýringar frh.

### Sundurliðun rekstrarreiknings

22 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Sameiginlegar tekjur</b>				
Framlag jöfnunarsjóðs	0	242.878	( 242.878 )	( 238.708 )
Framlag Bakhjarls	0	0	0	( 11.000 )
Samtals	0	242.878	( 242.878 )	( 249.708 )
<b>Yfirstjórn</b>				
Landsþing	6.076	511	5.565	10.000
Sambandsstjórn	23.446	0	23.446	23.398
Endurskoðun og reikningsskil	1.225	0	1.225	1.139
Aðrar nefndir og sérverkefni	658	0	658	2.456
Innlent samstarf	919	0	919	917
Ráðgjst. um fjármál heimilanna	1.074	0	1.074	1.905
Norrænt samstarf	1.528	0	1.528	2.166
Könnun á lýðræði í sveitafél.	1.000	0	1.000	1.000
Sveitastjórnarvettvangur EFTA	747	0	747	0
Annað erlent samstarf	473	0	473	804
Samtals	37.146	511	36.635	43.785
<b>Rekstrar- og útgáfusvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins	85.328	15.673	69.655	67.888
Samtals	85.328	15.673	69.655	67.888
<b>Hag- og upplýsingasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins	29.405	0	29.405	29.720
Upplýsingaveita sveitarfélaga	3.929	0	3.929	3.250
Faghópur um reikningsskil	0	0	0	169
Skólavogin	477	0	477	1.247
Gerð hagstjórnarsamnings	1.590	1.060	530	353
Samtals	35.402	1.060	34.342	34.739
<b>Kjarasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins	40.908	18.000	22.908	22.929
Launanefnd sveitarfélaga	7.205	7.205	0	0
Starfsmat	17.709	17.709	0	0
Kjaramálanefnd	142	0	142	0
Samtals	65.965	42.915	23.050	22.929



## Skýringar frh.

22	Framhald	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
	<b>Þróunar- og alþjóðasvið</b>				
	Sérkostnaður sviðsins	14.817	0	14.817	15.119
	Starfshópar og verkefnanefndir	0	0	0	941
	Alþjóðanefnd	0	0	0	473
	Brussel-skrifstofa	14.478	13.176	1.303	0
	Samtals	29.295	13.176	16.120	16.533
	<b>Lögfræði og velferðarsvið</b>				
	Sérkostnaður sviðsins	36.874	0	36.874	38.429
	Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	11.227	10.900	327	21
	Hauggasrannsóknir	4.995	4.995	( 0 )	0
	Félagsþjónustunefnd	608	0	608	715
	Skipulagsmálanefnd	351	0	351	695
	Skólamálanefnd	1.016	0	1.016	1.031
	Mat á skólastarfi	8.556	7.200	1.356	3.047
	Samtals	63.627	23.095	40.532	43.938
	<b>Ráðstefnur og námskeið</b>				
	Ráðstefnur	4.403	6.150	( 1.747 )	0
	Námskeið	1.557	1.876	( 319 )	0
	Samtals	5.960	8.026	( 2.066 )	0
	<b>Útgáfu- og kynningarmál</b>				
	Tímaritið Sveitarstjórnarmál	3.071	0	3.071	3.080
	Árbók sveitarfélaga	1.299	1.827	( 528 )	( 495 )
	Rit til endursölu	1.108	961	147	( 150 )
	Upplýsingavefur sambandsins	2.672	0	2.672	2.316
	Önnur fræðslu- og kynningarrit	808	0	808	662
	Samtals	8.958	2.787	6.171	5.413
	<b>Hlutdeild í rekstri húsnæðis</b>				
	Borgartún 30	11.935	0	11.935	13.426
	Hlutdeild samstarfsstofnana	( 4.177 )	0	( 4.177 )	( 4.699 )
	Samtals	7.758	0	7.758	8.727

## Skýringar frh.

22	Framhald	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
	<b>Sameiginlegur kostnaður</b>				
	Afskriftir	2.176	0	2.176	2.176
	Staðgr. fjármagnstekjuskattur	341	0	341	720
	Þjónustugjöld banka	103	0	103	147
	Samtals	<u>2.620</u>	<u>0</u>	<u>2.620</u>	<u>3.043</u>
	<b>Alls rekstur</b>	<u>342.059</u>	<u>350.121</u>	<u>( 8.062 )</u>	<u>( 2.716 )</u>
	<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
	Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	1.910	( 1.910 )	( 3.965 )
	Tekjur af eignahlutum	0	18	( 18 )	( 18 )
	Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	0	0	0	25
	Breytingar á fjárvörslureikningum	536	0	536	3.500
	Samtals	<u>536</u>	<u>1.928</u>	<u>( 1.392 )</u>	<u>( 458 )</u>
	<b>Alls</b>	<u>342.595</u>	<u>352.049</u>	<u>( 9.454 )</u>	<u>( 3.173 )</u>





